



EARTHCHECK

## Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun

### Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Snæfellsnesi um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti

Snæfellsnes er þekkt fyrir náttúrufergurð sína og fjölbreytni, með Snæfellsjökul sem helsta kennileiti. Á Nesinu búa um 4.000 manns. Byggðin er dreifð og helstu atvinnuvegirir útgerð, fiskvinnsla, ferðaþjónusta og landbúnaður.

Snæfellsnes hefur tekið forystu í starfinu í þágu sjálfbærrar þróunar á Íslandi. Í samræmi við þetta hafa sveitarfélögin Stykkishólmsbær, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur, svo og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, sett sér þessa sameiginlegu stefnu um sjálfbæra þróun með sérstaka áherslu á umhverfisvæna ferðaþjónustu á svæðinu.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi leitast við að fylgja ákvæðum alþjóðlegra samþykka og innlendra áætlana, auk þess sem tekið er mið af öllum öðrum lögum, reglugerðum, samningum og öðrum samþykktum sem varða þá þætti sem stefnan nær til, svo og af siðareglum Alþjóðaferðamálastofnunarinnar (UNWTO).

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi beita fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda, og hvetja aðra aðila og einstaklinga til að fylgja því fordæmi og bæta frammistöðu sína í málefnum sjálfbærrar þróunar, sérstaklega með tilliti til ferðaþjónustunnar.

#### **Sveitarfélögin hafa einsett sér að:**

1. Vinna að stöðugum úrbótum á eigin frammistöðu í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti, með hliðsjón af viðmiðunarskýrslum Green Globe fyrir svæðið.
2. Láta vinnuafl, vörur og þjónustu af svæðinu njóta forgangs.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi halda uppi samskiptum við alla hagsmunaaðila til að tryggja samræmdar aðferðir við að ná framúrskarandi árangri í umhverfis- og félagsmálum. Skilvirk miðlun upplýsinga í formi ársskýrslu er liður í þessum samskiptum, svo og opið samráð við alla hagsmunaaðila varðandi starf sveitarfélaganna að sjálfbærri þróun.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi vinna sameiginlega og hvert í sínu lagi að uppbyggingu og eftirfylgni langtímaáætlunar um sjálfbæra þróun, Staðardagskrár 21, í samræmi við samþykktir Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó 1992.

Þessi stefna hefur verið formlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og af ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins, og kynnt íbúum.

Samþykkt af ofangreindum aðilum 1. maí 2010